

Mál nr. 167/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs

Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 20. júní 2022.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist við að renna sér niður rennibraut í skemmtigarði sem X rekur hinn 28. desember 2019. Í lögregluskýrslu eru myndir af rennibrautinni, sem er hluti af leikkastala, og lýsing á aðstæðum á slysdegi. Þar kemur einnig fram að M sagðist hafa rennt sér niður rennibrautina og farið á það mikla ferð að hún hefði stokki á rennibrautinni og skolið aftur niður og þá heyrt háan smell í bakinu á sér. Í læknisfræðilegum gögnum er áhrifum líkamstjóns M lýst, þ.e. samfallsbroti á hrygg og meðferð vegna þess. Einnig liggur fyrir mat á tímabundnum missi starfsorku og læknisfræðilegum miska M vegna atviksins.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu þar sem skilyrði reglugerðar um öryggi leikvallatækja og leiksvæða nr. 942/2002 og viðauka hennar hafi ekki verið uppfyllt. Engar merkingar hafi verið um að rennibrautin væri eingöngu ætluð börnum, sbr. 10. gr. reglugerðarinnar, auk þess sem loka hefði aðgengi að henni vegna veðurs á þeim degi sem M slasaðist. Einnig vísar M til þess að haft hafi verið eftir lögreglu á vettvangi að þetta væri ekki í fyrsta skipti sem lögreglan væri kvödd á vettvang vegna slyss í rennibrautinni. M telur að Reykjavíkurborg hefði átt að bregðast við hættu þar sem mikil slík fylgi því að rennibrautir séu blautar, mikið og alvarlegt tjón geti orðið, auðvelt var fyrir X að gera sér grein fyrir og gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu. Það að starfsmenn X hafi ekki gert það feli í sér gáleysi af þeirra hálfu sem leiði til skaðabótaábyrgðar X.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að slys M sé rakið til óhappatilviljunar og ekki til skaðabótaábyrgðar X. V bendir á að ákvæði 2. mgr. 10. gr. í reglugerð um öryggi leiktækja og leiksvæða nr. 942/2002 segi að þar sem það eigi við skuli leikvallatæki sérstaklega merkt hvaða aldri barna þau séu ætluð, en ekki sé gerð krafa um að þau sé merkt þannig að þau séu einungis ætluð börnum. V telur einnig ljóst af öllum aðstæðum, það að rennibrautin sé hluti leikkastala og á leiksvæði sem skipulagt sé fyrir leik barna, að rennibrautin hafi verið ætluð börnum en ekki fullorðnum og hafi því ekki þurft að merkja það sérstaklega. V bendir einnig á að nokkur úrkoma hafi verið á slysdegi og því hafi M ekki átt að hafa dulist að það gæti verið bleyta í rennibrautinni. Einnig vísar V því á bug að fjöldi slysa hafi orðið í sömu rennibraut, enda sé það ekki stutt gögnum.

Álit.

Í gögnum málsins liggur fyrir nokkuð skýr lýsing af atvikum sem leiddu til líkamstjóns M og myndir af rennibrautinni sem hún var að renna sér niður þegar það kom til. Af þeim myndum verður ekki annað ráðið en að um hafi verið að ræða hluta leiktækja fyrir börn og verður ekki ráðið af stjórnvaldsfyrirmælum að merkja hafi þurft leikkastalann með þeim hætti sérstaklega. Ekki verður heldur ráðið af gögnum málsins að sérstök hættu hafi verið fyrir hendi þennan dag eða liggja fyrir gögn um að önnur slys hafi orðið á sama stað þannig að X hefði átt að grípa til ráðstafana til að varna mögulegum tjónum. Verður því ekki fallist á að um gáleysi af hálfu starfsmanna X hafi verið að ræða eða slys M sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir